

AUGLÝSING

um deiliskipulag með Varmá frá Reykjalundarvegi að Húsadal, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti tillögu að deiliskipulagi með Varmá frá Reykjalundarvegi að Húsadal, 21. janúar 2004 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Um er að ræða hluta af svæði sem auglýst var til kynningar 31. maí - 12. júlí 2002.

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Reykjalundarvegi til vesturs, Reykjalundi og Reykjum til norðurs, Húsadal til austurs og Teigahverfi, Reykjahverfi og Ökrum til suðurs. Tillagan gerir ráð fyrir þéttingu og styrkingu núverandi byggðar jafnframt því sem svæðið er gert aðgengilegra til útivistar.

Jafnframt fellur úr gildi deiliskipulag fyrir Ásgarð I-III og hluti af deiliskipulagi Reykjalundar á landspildu milli Reykjalundarvegur og Bjargvegur.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og heimilur Skipulagsstofnun auglýsingu þessa.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Mosfellsbæ, 29. mars 2004.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.